

Umhverfisstofnun
Ab. 0A
04 AUG. 2004
5441
Tilv. UST20040700083



Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
T. +354 521 2000
FAX +354 521 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

3. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040700083/6á

220 kV háspennulína, Reykjanes - Rauðamelur, breyting á framkvæmd. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 15 júlí sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Jarðfræði

Áhrif á jarðmyndanir geta helst orðið af völdum jarðrasks við slóðagerð og jarðvinnu við undirstöður mastra. Sú breyting sem verður á framkvæmdinni hvað þetta varðar er að mati Umhverfisstofnunar ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum enda verði farið eftir þeim umgengnisáhrifum sem kynntar voru í mati á umhverfisáhrifum háspennulínunnar. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur nú fram að „*notaðir verða fyrirliggjandi slóðar að því marki sem það er talið borga sig með hliðarslóðum að mastursstæðum*” (bls. 5). Ekki er gerð grein fyrir hvar eða hversu oft slíkar aðstæður gætu skapast, en Umhverfisstofnun leggur áherslu á að varanlegu raski sé haldið í lágmarki með nýtingu núverandi slóða þar sem þeir eru til staðar.

Gróðurfar

Með tilkynningu framkvæmdaraðila fylgir greinargerð vegna áhrifa á gróðurfar á áhrifasvæði beggja valkosta. Í henni kemur fram að á þessum leiðum sé ekki að finna sérstæðar tegundir eða gróðursamfélög. Með tilliti til þess telur Umhverfisstofnun að ofangreind breyting á framkvæmdinni muni ekki valda umtalsverðum áhrifum á gróðurfar.

Fuglalíf

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að helsta þéttbýli fugla á svæðinu sé mávavarp sem nær frá núverandi iðnaðarsvæði norður fyrir veg og inn í hraunið vestan Sýrfellsdraga. Í mávavarpinu eru tvær tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, svartbakur og stormmávur, auk silamáfs og silfuramáfs. Þéttleiki mófugls á svæðinu er lítil m.v. þéttleika á grónu landi á láglandi og engar tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands fundust á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind breyting á framkvæmdinni ekki valda umtalsverðum áhrifum á fuglalíf. Valkostur 2 er þó verri kostur hvað fuglalíf varðar þar sem hann mun liggja þvert í gegnum mávavarpid á svæðinu.

Sjónræn áhrif, landslag og útivist

Áhrif á verndargildi og ferðamennsku

Sú breyting sem nú er lögð til á fyrirhugaðri háspennulínu frá Reykjanesi að Rauðmel felur ekki eingöngu í sér breytta legu, heldur er nú lagt til að leggja loftlínu alla leið að stöðvarhúsi í stað jarðstrengs frá suðvesturenda Sýrfellsdraga að stöðvarhúsi. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ástæða breytingarinnar sé sú að breytt lega stöðvarhúss gefi færi á að leggja loftlínu alla leið. Skilyrði fyrir loftlínu sé nú rýmri auk þess sem tæringarhætta og önnur vandamál af völdum gufuskilju innan framkvæmdasvæðisins sé ekki lengur til staðar.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi segir m.a.:

„Lögn háspennulínu getur haft áhrif á landslagsheildir. Segja má að lína og slóð geti skipt landslagi upp í heildir, einkum þar sem línan getur verið mjög sýnileg. Þessi áhrif eru í lágmarki á línuleiðinni sem hefur sömu stefnu og brotasvæði sem skiptir landslaginu í heildir með náttúrulegum hætti. Endinn við Sýrfell og kaflinn frá Stapafelli að Fitjalinu fylgja einnig núverandi mannvirkjabeltum.” (bls. 36).

Umhverfisstofnun tekur undir þessa umfjöllun. M.v. þá útfærslu sem kynnt var í matskýrslu lá línan frá Sýrfellsdrögum til norðurs samsíða línunum í landi. Þessi lega gerði það að verkum að sýnileiki hennar var í lágmarki frá útsýnisstöðum, t.d. á Valahnúki og Bæjarfelli þar sem lega línunnar er samsíða sjónstefnu, auk þess sem línan var ekki sýnileg frá vinsælum útsýnistað við Stampagíg.

Í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi kemur ennfremur fram að aðalumferð ferðamanna sé bundin við akvegina og mjög stuttar gönguleiðir. Vinsælustu útsýnis- og náttúruskoðunarstaðirnir séu göngubrúin við Kinn, Gunnhver og útsýnisstaðir á einum Stampagíganna, á Valahnúki og á Bæjarfell. Frá þessum stöðum má glögglega virða fyrir sér hið virka eldstöðvabelti sem liggur eftir Reykjanesinu, þar sem Atlantshafshryggurinn gengur á land. Frá þessum stöðum eru gígaraðir og sigdældir áberandi í landslaginu.

Sá kostur sem kynntur var í mati á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Reykjanesi að Rauðmel, þ.e. að leggja loftlínu austan við Sýrfell og í jarðstreng sunnan Sýrfellsdraga hefði haft lágmarksáhrif í för með sé á landslag og sjónræna þætti frá þeim vinsælu áningarstöðum sem nefndir eru hér að ofan. Lega loftlínu vestan Sýrfells til norðurs hefði jafnframt verið í töluverðri fjarlægð frá vinsælum stöðum eða eins og segir í matskýrslu fyrir háspennulínu milli Reykjaness - Svartsengis:

„Við Sýrfell verður línan sýnileg ferðamönnum sem fara á milli Reykjaness og Grindavíkur en sjónræn áhrif dvína hratt með aukinni fjarlægð. Lítill áhrif verða af línunni fyrir ferðamenn sem fara á milli Hafna og Reykjaness.” (Bl. 5 í Viðauka E).

Í umsögn Umhverfisstofnunar um skýrslu um matskýrslu háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi segir m.a.:

„Ein mestu áhrif framkvæmdarinnar munu verða á landslag og sjónræna þætti. Verndargildi svæðisins og vinsældir þess til útivistar felast öðru fremur í stórbrotnu landslagi og ljóst að þessi framkvæmd mun óhjákvæmilega hafa talsverð áhrif á upplifun ferðamanna næst linunni. Þó taka megir undir það með framkvæmdaraðila að mat á þessum áhrifum sé ávallt huglægt; háð tíðaranda og bakgrunni einstaklings og því erfitt að setja á þau mælistiku, þer að hafa í huga að það sem dregur ferðamenn að svæðinu er að stærstum hluta ósnortin náttúra og stórbrotið landslag. Því mun framkvæmdin tvímælalaust spilla upplifun þessara notenda. Sjónrænum áhrifum af framkvæmdinni hefur þó verið stillt í hóf eins og kostur er með línuvali. Háspennulínan liggur fjær vinsælli hlutum svæðisins, þar sem meiri mannaferða er von, og í gegnum svæði sem hefur verið spillt að einhverju leyti áður með efnistöku og tilheyrandi slóðagerð. Umhverfisstofnun telur ekki að um umtalsverð áhrif á landslag og sjónræna þætti verði að ræða í tengslum við útivist og ferðamennsku.“

Svæðið sem fyrirhuguð loftlína mun fara um er vinsælt ferðamannasvæði, svæðið er á náttúruuminjaskrá og hraun á svæðinu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Svæðið er auk þess eitt af fjórtán svæðum á náttúruverndaráætlun, sem umhverfisráðherra leggur til að unnið verði að því að friðlýsa á tímabilinu 2004-2008. Sú áætlun var lögð fyrir Alþingi til ályktunar og samþykkt á síðasta vorþingi. Í kjölfar friðlýsingar má búast við aukningu í heimsóknum ferðamanna um svæðið.

Með breytingu á framkvæmdinni mun línan nú liggja í nálægð við fjóra af fimm vinsælustu áningastöðum ferðamanna á svæðinu, Gunnhver og útsýnisstaði á Stampagígnum, Valahnúki og Bæjarfelli og skerða útsýni frá þessum stöðum. Línan enn vera sýnileg ferðamönnum sem fara á milli Reykjanes og Grindavíkur, því hún mun enn vera sjáanleg norðan Sýrfells. Einnig mun línan hugsanlega skerða útsýni til suðurs frá Þjóðvegi að Valahnúk og Bæjarfelli, en þetta útsýni, með hraunið í forgrunni og vitann á Bæjarfelli, ströndina og Valahnúk í bakgrunni er að margra mati áhrifamikilið. Jafnframt mun lega línunnar nú breytast frá því að liggja samsíða brotalínunum í landi yfir í að liggja þvert á þær, sem gerir línuna meira áberandi en ella.

Að teknu tilliti til ofangreinds telur Umhverfisstofnun að sú breyting sem kynnt er í tilkynningu framkvæmdaraðila, hvort sem um er að ræða kost 1 eða kost 2, sé líkleg til að hafa í för með sé umtalsverð áhrif á landslag og sjónræna þætti, útivist og ferðamennsku.

Áhrif jarðstrengs

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að spurningar um jarðvegslögn komi tíðum upp við undirbúning háspennulína hér á landi, og sé ástæðan væntanlega það viðhorf að þannig megir draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja. Á móti megir benda á að við niðurtak úr loftlínu í jarðstreng þurfi að byggja afgirt tengivirki með jarðstrengsmúffum og endingavörum sem verði alláberandi. Með því að fara loftlínu sé ekki þörf fyrir slíkt mannvirki. Jafnframt kemur fram í matsskýrslu um lagningu háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi að framkvæmdaraðili telji það bundið vafa að jarðvegslögn dragi úr sjónrænum áhrifum, vegna aukins jarðrasks við strenglögna.

Umhverfisstofnun bendir á að talsverður munur er á áhrifum línulegra fyrirbæra og s.k. „punkta“ fyrirbæra. Í því tilfalli sem hér um ræðir má leiða að því líkur að minni áhrif muni hljóta af staðsetningu tengivirkis innan núverandi mannvirkjasvæðis en af loftlína af þeirri stærð sem hér um ræðir, sem mun þvera útsýni frá vinsælum áningastöðum ferðamanna. Allar aðstæður hljóti að vera til staðar til að fella mannvirki að umhverfi sínu en

slíkar mótvægisáðgerðir eru ekki til staðar fyrir loftlínu af þessari stærð og í þeirri nálægð sem hér um ræðir.

Hvað varanlegt rask varðar þá getur Umhverfisstofnun tekið undir umfjöllun framkvæmdaraðila að hluta. Við lagningu loftlínu eru varanleg áhrif minni en sé um jarðstreng að ræða. Hins vegar eru varanleg áhrif alltaf óhjákvæmileg við gerð loftlínu, gera þarf aðkomuvegi og stæði fyrir möstur. Því er hér einungis um stigsmun á jarðraski að ræða. Því kann í sumum tilfellum að vera betri kostur að auka jarðvegsrask á kostnað sjónrænna áhrifa. Á því svæði sem hér um ræðir stendur valið á milli aukins varanlegs rasks af völdum jarðstrengs innan svæðis sem skilgreint er fyrir iðnað, eða varanlegs rask af völdum loftlínu, þó umfangsminna sé, auk umtalsverðra sjónrænna áhrifa utan skilgreinds iðnaðarsvæðis og inni á svæði sem er bæði á náttúruvinnjaskrá og á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Því telur Umhverfisstofnun að í þessu tilfalli sé aukið jarðvegsrask innan iðnaðarsvæðis betri kostur, enda hraun sandorpin og því heppilegar aðstæður til að leggja strengi í jörðu meðlágmarks raski eins og fram kemur í matsskýrslu um lagningu háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi um jarðstreng innan iðnaðarsvæðis á Reykjanesi að stöðvarhúsi:

„Sá strengur er svo stuttur að hann útheimtir ekki dýr aukamannvirki, einnig vill þannig til að á þeirri leið er jarðvegsdýpi mest á allri línuleiðinni og því hentugasta svæðið fyrir jarðstreng, með lágmarks jarðraski.“ (bls. 18).

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er breyting á framkvæmd við lagningu háspennulínu frá Reykjanes að Rauðmel ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður eða dýralíf. Hins vegar telur stofnunin að lagning loftlínu eins og kynnt er í tilkynningu framkvæmdaraðila sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á landslag og sjónræna þætti, útivist og verndargildi svæðisins, óháð því hvor kosturinn er valinn. Loftlína mun liggja í mikilli nálægð við fjóra af fimm vinsælustu áningastöðum ferðamanna á svæðinu og landslagsheildir verða brotnar upp með línunum þvert á stefnu gígaraða og sigdælda á Reykjanesi og skerða sjónrænt gildi jarðmyndana sem hafa mikið verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er eitt af fjórtán svæðum á náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra sem samþykkt var á s.l. vorþingi. Því er hér um talsverða náttúruverndarhagsmuni að ræða. Umhverfisstofnun telur að sú tillaga sem lögð var fram í matsskýrslu um lagningu háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi að leggja jarðstreng frá sunnanverðum Sýrfellsdrögum innan iðnaðarsvæðisins að stöðvarhúsi sé betri kostur út frá umhverfisforsendum, en þeim kosti er hafnað í breytingartillögunum. Stofnunin fær heldur ekki séð að minniháttar færsla á staðsetningu stöðvarhúss innan iðnaðarsvæðisins kalli á lagningu loftlínu. Færsla í þá átt sem nú hefur verið ákveðin á stöðvarhúsi gerir það að verkum að nú er enn brýnna en fyrr út frá umhverfis- og útivistarsjónarmiðum að leggja jarðstreng,

Að mati Umhverfisstofnunar er því nauðsynlegt að kanna frekar umhverfisáhrif af þeirri breytingu á framkvæmdinni sem hér hefur verið fjallað um og bera hana saman við lagningu jarðstrengs frá suðvesturenda Sýrfellsdraga að stöðvarhúsi, eins og kynnt var í mati á umhverfisáhrifum af lagningu háspennulínu frá Reykjanesi að Svartsengi.


Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að sú breyting sem hér er lögð til á framkvæmdinni mun hafa áhrif á ferðamennsku á svæðinu og snertir því marga hagsmunaaðila sem ekki hafa aðkomu að umfjöllun um matsskyldu framkvæmdarinnar. Þeir

aðilar geta hins vegar komið sínum athugasemdum að í formlegum matsferli. Stofnunin telur að m.t.t. til þeirra verulegu breytinga sem kynntar eru á framkvæmdinni hljóti slík málsmeðferð að vera nauðsynleg.



Olafur Arnason
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Helgi Jónsson
Forstöðumaður